

Menning, sjálfsrækt og tungumál

- fjölbreytt og áhugaverð námskeið við allra hæfi



Haustmisseri 2010

Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun

Þátttakendafjöldi á námskeið Endurmenntunar í floknum Menning og sjálfsrækt hefur nær tvöfaldast á síðasta ári sem er okkur mikið ánægjuefni. Það sem gleður okkur einna mest er að sjá fjölmörg andlit aftur og aftur sem staðfestir ánægju með framboðið okkar.

Við erum þakklát fyrir umsagnir þátttakenda sem veita okkur oft innblástur að nýjum námskeiðum og eru okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Í þessum bæklingi kynnum við með stolti rúmlega 40 fjölbreytt námskeið, hvert annað áhugaverðara svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Við viljum leggja áherslu á að námskeiðin okkar eru fyrir alla, óháð fyrri menntun.

Við höfum tekið upp þá nýbreytni að setja skráningarfrest á námskeið og er hann að jafnaði átta dögum fyrir upphafsdagsetningu. Við hvetjum því alla til að skrá sig tímanlega.

Heildarframboð Endurmenntunar er vissulega enn víðtækara og fjölmörg starfstengd námskeið eru í boði í öðrum námskeiðsflokkum.

Nánari upplýsingar og skráning er á heimasíðu okkar endurmenntun.is eða í síma 525 4444.

Við hlökkum til að sjá þig.

Starfsfólk Endurmenntunar Háskóla Íslands

Viltu vinna gjafabréf?

Þann **15. september** drögum við út tvo heppna vinningshafa sem hafa skráð sig á eitthvert námskeiðanna í þessum bæklingi og hljóta þeir **gjafabréf frá Endurmenntun að verðmæti 15.000 kr.**

Taktu þátt með því að skrá þig á námskeið fyrir þann tíma.

Menning:

Enron

Í samstarfi við Borgarleikhúsið

Spennandi námskeið í tengslum við leikverkið Enron eftir Lucy Prebble en hún var valin ein af 25 helstu útskýrendum fjármála-hrunsins í heiminum af tímaritinu Fortune. Námskeiðið hefst á tveimur fyrirlestrakvöldum og lýkur svo með forsyningu leikverksins og umræðum. Leikhúsmiðinn er innfalinn í námskeiðsgjaldi.

Hvenær: Þri. 14. og fim. 16. sept. kl. 20:15 - 22:15 og þri. 21. sept. kl. 20:00

Kennarar: Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Eþikos og Stefán Jónsson leikstjóri og prófessor við LHÍ.

Verð: 12.900 kr.

Landnáma sexfætlinganna - ógna ný smádýr í íslenskri náttúru?

Á námskeiðinu, sem ætlað er öllu áhugafólki um náttúru Íslands, verður fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum 10-20 árum með fjölda nýrra smádýrategunda sem numið hafa land á Íslandi. Má þar nefna skógarmítíl, rífsvespu, barrvefara, birkikembu, asparrana og rauðhumlu. Velt verður vöngum yfir nytsemi og skaðsemi, fegurð og ljótleika, sagt frá risafaröldrum skordýra í skógum erlendis, áhrifum aukinna skordýrafaraldra á matvælaframleiðslu í heiminum og breyttu mynstri skordýrafaraldra hér á landi.

Hvenær: Mán. 20. og 27. sept. kl. 20:15 - 22:15

Kennari: Guðmundur Halldórsson, skordýrafræðingur

Verð: 9.500 kr.

Litla fröken Reykjavík - á ótrúlega rauðum skóm

Hvað gerir miðborg að miðborg? Hver eru sérkenni miðborgarinnar? Er hægt að búa til miðborg með mælistiku eina að vopni - tvisvar sinnum tveir verða aldrei fjórir í miðbænum. Miðborgin er saga, menning og mannlíf, uppvaxið ýmist skipulagslaust eða með misgóðu/-slæmu skipulagi. Förum í heimsókn í huga og verki með sögum og sögnum, myndum, tali og tónum.

Hvenær: Fim. 23. og 30. sept. kl. 19:45 - 22:15 og gönguferð um miðborgina lau. 2. okt. kl. 10:00 - 12:00

Kennari: Birna Þórðardóttir, framkv.stjóri Menningarfylgdar Birnu ehf.

Verð: 15.900 kr.

Prússland - Ris og fall járnríkis

Á námskeiðinu verður fjallað um hina merku og þversagnarkenndu sögu Prússlands, konungsríkis sem var stofnað 1701 og lagt niður 1947. Fjallað verður um ríki sem hefur fengið þann dóm að hafa verið vagga hernaðarhyggju en var samt sem áður frjálsslynt menningarríki, skjól upplýsingastefunnar og eitt fullkomnasta réttarríki álfunnar.

Hvenær: Mán. 27. sept. og 4. og 11. okt. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Hjálmar Sveinsson

Verð: 13.900 kr.

Brennu-Njáls saga (fyrri hluti)

Brennu-Njáls saga hefur löngum hrifið lesendur sína með glæsileik, fleygum tilsvörum og fjölbættum mannlýsingum. Engin Íslendingasaga hefur öðlast jafnmikla hylli og unnendur hennar, jafnt almenningur sem fræðimenn, telja að hún sé hátindur íslenskrar sagnalistar. Talið er að sagan hafi verið skráð á árunum 1275-1290 eða stuttu eftir að Sturlungaöld lauk og er Njála eitt mesta snilldarverk evrópskra miðaldabókmennta.

Njála er lengst allra Íslendingasagna og verður því til umfjöllunar á tveimur námskeiðum, þ.e. fyrri hluti sögunnar verður tekinn fyrir haustið 2010 og seinni hluti vorið 2011.

Hvenær:

Hópur I: Þri. 28. sept. - 16. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (8x) - UPPSELT

Hópur II: Mið. 29. sept. - 17. nóv. kl. 10:00 - 12:00 (8x)

Hópur III: Fim. 30. sept. - 18. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (8x)

Kennari: Magnús Jónsson

Verð: 21.500 kr.

Frá Vilhjálmi bastarði til Díönu prinsessu

Breska konungsaettin hefur einstakt lag á að koma sér í fréttir - út af framhjáhaldi og skilnuðum, ef ekki vill betur til. En þessi ætt á sér bráðum þúsund ára sögu. Á bráðskemmtilegu námskeiði rifjar Illugi Jökulsson upp sögu þessarar róstusömu ættar - segir frá glæstum sigrum hennar og gleðistundum, frá þrjótum og þursum sem smeygðu sér á hennar vegum í hásaetið, frá ægifögnum hefðarmeyjum og príuðum hirðmönnum - allt frá 1066 og til dagsins í dag.

Hvenær: Mið. 29. sept., 6. og 13. okt. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Illugi Jökulsson, rithöfundur

Verð: 13.900 kr.

Úr heimi leiksviðslistanna

Leiklistarsagan getur veitt mikilsverða innsýn í hugskot fyrri tíðar manna, auk þess sem hún hefur oft orðið leikhúsi síðari tíma frjósöm uppspretta hugmynda og nýrra leiða. Á námskeiðinu verður farið hratt yfir þessa sögu í máli og myndum. Leitast verður við að kynna helstu leikform sögunnar og stíltegundir með hjálp mynda og uppdrátta af leiksviðsgerðum, leikurum í hlutverkum og ýmsum öðrum gögnum sem leiklistarsagan byggir á tilveru sína sem fræðigrein.

Hvenær: Mán. 4., 11., 18. og 25. okt. kl. 20:15 - 22:15 (4x)

Kennari: Jón Viðar Jónsson, fil.dr., leiklistarfræðingur

Verð: 16.900 kr.

Wagner og Rínargullið

Í hugum margra er tónlist þýska tónskáldsins Richard Wagners ein sú þyngsta og óaðgengilegasta sem um getur. Á þessu námskeiði verður stefnt að því að fella þessa goðsögn með því að svara þeim mörgu spurningum sem vakna þegar líf og tónlist Wagners er annars vegar. Sérstaklega verður fjallað um Niflungahringinn með áherslu á Rínargullið. Að fyrirlestrum loknum munu þátttakendur sjá og heyra beina útsendingu á Rínargullinu frá Metropolitan óperunni. Námskeiðinu lýkur með umræðukvöldi.

Hvenær: Mán. 4. okt. kl. 20:15 – 22:15, lau. 9. okt. kl. 10:00 - 13:00 og kl. 17:00 - 20:20 og mán. 11. okt. kl. 20:15 - 22:15 (4x)

Kennari: Árni Blandon

Verð: 16.500 kr.

Súkkulaði ... matur guðanna

Vissulega hafa margir dálæti á súkkulaði, en færri hafa þó kynnt sér almennilega bakgrunn þess og áhrif á heiminn. Námskeiðinu er ætlað að gera erlendri og hérlendri sögu súkkulaðis skil. Einnig verður hlutverk súkkulaðis í rúarbrögðum, ást og menningu tíundað. Jafnframt verður þessi merkilega matvara skoðuð nánar og hagnýt ráð gefin.

Hvenær: Mán. 18. okt. kl. 19:30 - 22:00

Kennarar: Héðinn S. Björnsson, félagsvísindamaður og rithöfundur og Karl V. Vigfússon, konditor og framkv.stjóri íslenska kokkalandslíðsins

Verð: 8.500 kr.

Innlit í kínverskan samtíma

Í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós

Kína samtímans mætti lýsa sem blöndu sterkrar hefðarhyggju og stórfelldra breytinga. Á þessu námskeiði verður hrært í þessari blöndu í því skyni að varpa ljósi á kínverska menningu og samfélag samtímans. Auk þess verður fjallað um „uppruna nútímans“ í Kína með yfirliti yfir umbrotamikla sögu Kína frá miðri 19. öld og litið til trúarbragða, bókmenntahefðar og kvikmyndagerðar.

Hvenær: Þri. 19. og 26. okt. og 2. og 9. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (4x)

Kennari: Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum og forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós við HÍ

Verð: 16.900 kr.

Blásarasveitir - sagan, marsarnir og listin

Blásarasveitir ýmiskonar hafa verið til frá alda öðli, en hlutur þeirra í tónlistarsögunni er engu að síður harla rýr. Á þessu námskeiði verður rakin saga þessa oft á tíðum vanmetna tónlistarforms. Ræddar verða hinar ýmsu birtingarmyndir blásarasveita, tónlistin kynnt með sérstakri áherslu á marsinn og birtingarmynd þjóðarsálar í þessari sígrænu tónlist.

Hvenær: Mið. 20. og 27. okt. og 3. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Umsjón: Tryggvi M. Baldvinsson, tónskáld

Verð: 13.900 kr.

Alpujarras - Best geymda leyndarmál Spánar?

Á námskeiðinu verður fjallað um Alpujarras, sem lúrir í hrikalegu landslagi suðurhlíða Sierra Nevada fjallgarðsins í Andalúsíu. Svæðið er hrein útivistarparadís og þorpin liggja hátt í snarbröttum fjallshlíðum og íbúarnir eru harðgerir og langlífir. Þarna er besta vatn Spánar, tærasta loftið, þar eru ræktuð vín á hæstu vínekrum Evrópu og búin til besta fjallaskinkan. Í hlíðunum vaxa krydd og lækningajurtir villtar og neðar hitabeltisávextir á trjám. Kort og staðarlýsingar fylgja námskeiðsgögnum sem og mataruppskriftir.

Hvenær: Mið. 20. og 27. okt. kl. 20:15 - 22:15

Kennarar: Hrafnhildur Hagalín, leikskáld og Pétur Jónasson, gítarleikari

Verð: 9.500 kr.

Skráningarfrestur á námskeið Endurmenntunar er að jafnaði átta dögum fyrir upphaf námskeiðs

Litafræði - til gagns og ánægju

Námskeiðið hentar öllum sem áhuga hafa á notkun lita, s.s. þeim sem fást við eigin hönnun t.d. við hannyrðir, málun eða jafnvel í garðinum. Fjallað er um sögu lita og notkun. Litahringurinn er skoðaður, blöndun lita kynnt og rætt um notkun lita í listum, hönnun og umhverfi.

Hvenær: Fim. 21. og 28. okt. og 4. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Soffía Sæmundsdóttir, myndlistarmaður

Verð: 13.900 kr.

Sagan í Gamla testamentinu

Hér verður rifjuð upp sú mikilfenglega saga sem Biblían geymir, og hún sett í samhengi við sögu annarra ríkja fyrir Miðjarðarhafsbotni í fornöld. Það er spennandi og æsileg saga í sjálfu sér. En jafnframt verður fjallað um nýjustu rannsóknir fræðimanna sem hafa leitast við að sanna eða afsanna frásagnir Gamla testamentisins.

Hvenær: Þri. 26. okt., 2., 9. og 16. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (4x)

Kennari: Illugi Jökulsson, rithöfundur

Verð: 16.900 kr.

Sjónmál náttúrunnar

Á námskeiðinu verður leitast við að varpa ljósi á samband myndlistar og náttúru með hliðsjón af heimsmynd hverju sinni, allt frá tímum ítalskrar endurreisnar til tæknilegrar fjölbreytni samtíðarinnar. Stiklað verður á stóru í umfjöllun um helstu strauma og stefnur í vestrænni landslagslist. Loks verður athugað hvernig náttúran sjálf verður efnislegur vettvangur listrænnar athafnasemi.

Hvenær: Mán. 1., 8. og 15. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennarar: Anna Jóa, myndlistarmaður og gagnrýnandi

Verð: 13.900 kr.

Húmor og hugsun í verkum Milans Kundera

Meðal helstu höfundareinkenna Milans Kundera, eins vinsælasta skáldsagnahöfundar samtímans, er það hvernig hann beitir húmor til að dýpka og stækka persónur sínar og viðfangsefni. Á námskeiðinu verður farið í þessa lykilkætti, einkum með vísan í tvær bækur, skáldsöguna Kveðjuvalsinn og ritgerðasafnið Kynni, sem er jafnframt nýjasta bók hans.

Hvenær: Mán. 1., mið. 3. og mán. 8. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Friðrik Rafnsson, bókmenntafræðingur og þýðandi

Verð: 13.900 kr.

Íran

Írans er oft getið í fréttum og þá í þannig samhengi að það gleymist hve þar er rótróin og litrík menning, stórbrotin saga og merkileg og vingjarnleg þjóð. Áður hefur verið fjallað um núverandi stjórn málaástand í Íran á námskeiðum Endurmenntunar en hér verður um almenna kynningu á landi og þjóð að ræða. Hluti námskeiðsins fer fram á ensku með snörun yfir á íslensku.

Hvenær: Mán. 8., 15. og 22. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Ali Amoushahi, arkitekt og Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur

Verð: 15.900 kr.

Heimur jazzins

Á námskeiðinu verða þátttakendur leiddir inn í heim jazztónlistarinnar með tali og tónum. Farin verður hraðferð yfir jazzsöguna og helstu stílar og lykilflytjendur kynntir. Markmiðið er að eftir námskeiðið hafi þátttakendur öðlast yfirsýn yfir ólíkar gerðir jazztónlistar, þeir hafi kynnst helstu straumum og stefnum, skilji hvað tónlistin gengur út á og geti notið hennar enn betur en áður. Farið verður á eina tónleika í tengslum við námskeiðið.

Hvenær: Mið. 10., 17. og 24. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennari: Sigurður Flosason, yfirkennari jassdeildar FÍH

Verð: 13.900 kr.

Í ofviðrum sálarinnar: Lér konungur og Ofviðrið eftir William Shakespeare á sviðum Þjóðleikhúss og Borgarleikhúss Í samstarfi við Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið

Leikhúsin flytja nú um jólin tvö af frægustu leikritum Shakespeares og standa af því tilefni sameiginlega að námskeiði um leikritin og uppfærslurnar. Fjallað verður um höfundinn, rýnt í verkin, baksvið þeirra og stöðu meðal annarra verka skáldsins. Farið verður í heimsóknir á æfingar, þar sem rætt er við leikstjórana og aðra sem koma að sýningunum. Námskeiðinu lýkur með umræðukvöldi. Leikhúsmiðar á báðar sýningar eru innfaldir í námskeiðsgjaldi.

Hvenær: Mið. 17. nóv. kl. 20:15 – 22:15, þri. 23. og 30. nóv. kl. 20:00 – 22:00, þri. 7. des. og 11. jan. kl. 20:15 – 22:15.

Leiksýningar í byrjun janúar 2011, dagsetningar kynntar síðar.

Kennari: Jón Viðar Jónsson, fil.dr., leiklistarfræðingur

Verð: 19.900 kr.

Víti, fjandinn og illskan

Námskeið Jóns Björnsson um engla hafa hlotið mikið lof þátttakenda. Nú ætlar hann að ræða um víti, fjandann og illskuna.

Fjallað verður, í hæfilegri alvöru, um uppruna og athafnir fjandans, fylgihyskið sem hann hefur sér til aðstoðar við að afvegaleiða hið breyska mannkyn og þróun og skipulag Helvítis. Einu kvöldi verður síðan varið til þess að fjalla í fullri alvöru um tilvist og eðli illskunnar.

Hvenær: Mán. 24. og 31. jan. og 7. og 14. feb. kl. 20:15 - 22:15 (4x)

Kennari: Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur

Verð: 16.900 kr.

Sjálfsrækt:

Öflugt sjálfstraust

Námskeið ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig og efla eigið sjálfstraust auk þess að hafa jákvæð áhrif á aðra. Lögð er áhersla á að kenna þátttakendum að greina muninn á miklu og litlu sjálfstrausti og ekki síst að kenna aðferðir til að byggja upp og efla sjálfstraust. Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðna, verkefna og æfinga.

Hvenær: Fim. 16., 23. og 30. sept. kl. 16:15 - 19:15 (3x)

Kennari: Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur

Verð: 21.400 kr.

Kvíði barna og unglinga - foreldranámskeið

Í samstarfi við geðsvið Landspítalans

Á námskeiðinu, sem byggir á kenningum og aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar, er fjallað um eðli og einkenni kvíða, helstu kvíðaraskanir og æskileg viðbrögð við kvíða barna og unglinga. Kennslan byggir á fyrirlestrum, umræðum og léttum verkefnum. Námskeiðið er ætlað foreldrum og umönnunaraðilum barna og unglinga.

Hvenær: Mán. 27. sept. og 4. og 11. okt. kl. 20:15 - 22:15 (3x)

Kennarar: Berglind Brynjólfsdóttir og Sigríður Snorradóttir, sálfræðingar á Barna- og Unglingageðdeild Landspítalans

Verð: 24.900 kr.

Vönduð íslenska: að skrifa gott íslenskt mál

Ætlað þeim sem vilja auka kunnáttu sína og færni við að rita gott íslenskt mál. Farið er yfir helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda. Dæmi eru tekin um gott og slæmt málfar svo sem beygingar, orðasambönd og stíl. Farið er yfir ýmis sératriði í ritreglum. Þátttakendur fá í hendur vandaða ritaskrá og fleiri gögn og leysa ýmis heimaverkefni.

Hvenær: Mið. 6., 13. og 20. okt. kl. 17:00 - 19:30 (3x)

Kennari: Bjarni Ólafsson, íslenskufræðingur

Verð: 29.400 kr.

Myndaalbúm og miðlun stafrænna ljósmynda

Vilt þú koma skipulagi á myndirnar þínar með rafrænu myndaalbúmi? Vilt þú fá tækifæri til að geyma myndasafnið þitt á öruggu svæði óháð þinni tölvu eða öðrum tækjabúnaði? Langar þig til að deila myndunum þínum með vinum og ættingjum á einfaldan og öruggan hátt? Á námskeiðinu kynnist þú þeim möguleikum sem flickr.com býður upp á. Gert er ráð fyrir að þátttakendur mæti með fartölvu með þráðlausu netkorti á námskeiðið.

Hvenær: Þri. 12. og 19. okt. kl. 20:15 - 22:15

Kennari: Marianna Friðjónsdóttir, sviðsstjóri hjá Kvikmyndaskóla Íslands

Verð: 14.900 kr.

Leikritun

Þetta námskeið hlaut mikið lof þátttakenda í vor og gefst nú fleirum tækifæri til að spreyta sig með skriffærin að vopni. Þátttakendur kynnast nokkrum grundvallaratriðum leikhúss og leikritunar eins og persónusköpun, dramatískri framvindu og samtaltækni. Unnið verður að því að skapa og skrifa leiktexta í tímum undir leiðsögn kennara. Stefnt er að því að hver og einn skrifi um 10-15 mín. langt verk sem kynnt verður í lok námskeiðs.

Hvenær: Þri. 26. okt. - 23. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (6x)

Kennari: Hlín Agnarsdóttir, rithöfundur og leikstjóri

Verð: 26.500 kr.

**Námskeið hjá Endurmenntun eru fyrir alla
– óháð fyrri menntun**

Úr neista í nýja bók - framhaldsnámskeið

Námskeiðin "Að skrifa fyrir börn og unglinga" og "Úr neista í nýja bók," hafa verið mjög vinsæl á undanförunum árum. Áhugasamir nemendur hafa sóst eftir framhaldi, þar sem þeir fá að feta sig framur á ritvellingum, læra meiri tækni og þjálfast í skrifum. Þetta námskeið byggir á blöndu af fyrirlesturum og rithring, en megináherslan er á ritæfingar í tímum og jafnframt sögu eða sögubrot sem nemendur skrifa heima og leggja fyrir rithringinn.

Hvenær: Mið. 27. okt. - 24. nóv. kl. 20:15 - 22:15 (5x)

Kennari: Anna Heiða Pálsdóttir, rithöfundur og dr. í bókmenntafræði

Verð: 22.900 kr.

Íslensk stafsetning og greinamerkjasetning í hnotskurn

Námskeiðið er ætlað öllum sem þurfa að dusta rykið af stafsetningarreglum og reglum um greinamerki en hvorar tveggja vilja vefjast fyrir manni við dagleg störf. Kennarar eru helstu ritreglur, bæði stafsetning og greinamerki. Tekin eru dæmi af algengustu villum í ritun og fólki leiðbeint um fljótverkustu leiðir til að forðast þær. Þátttakendum býðst að leysa verkefni sem kennari fer yfir og skilar hverjum og einum.

Hvenær: Mið. 17., 24. nóv. og 1. des. kl. 17:00 - 19:30 (3x)

Kennari: Bjarni Ólafsson, íslenskufraeðingur

Verð: 29.400 kr.

Markviss framsögn

Á námskeiðinu verða gefin hagnýt ráð um undirbúning, framsögn og framkomu við flutning erinda. Rætt verður um ótta og öryggi, líkamsbeitingu, öndun, raddbeitingu, framburð, áhrifamátt þagnarinnar og gildi góðs augnsambands.

Ætlað öllum þeim sem vilja efla hæfni sína í munnlegri framsetningu efnis, s.s. við kynningu verkefna, fyrir verkkaupum, á sviðsfundum, á vinnufundum með samstarfsfólki og við önnur tækifæri.

Hvenær: Fim. 18. og 25. nóv. kl. 9:00 - 12:00

Kennari: Margrét Pálsdóttir, málfræðingur og kennari

Verð: 18.500 kr.

Átt þú rétt á námskeiðsstyrk frá þínu stéttarfélagi?

Vinnugleði - mín vinna, mitt viðhorf

Þótt vinnuveitanda og stjórnanda beri að stuðla að vellíðan starfsfólks á vinnustað er líðan í starfi líka ábyrgð okkar sjálfra. Jákvæð viðhorf og jákvæð hegðun eru þættir sem skipta miklu máli fyrir okkur sjálf sem einstaklinga, árangur í starfi og starfsandann á okkar vinnustað. Hagnýtt námskeið fyrir alla sem hafa áhuga á að bæta sig, blómstra og auka vinnugleði sína í daglegu starfi.

Hvenær: Fös. 3. des. kl. 8:30 - 12:30

Kennari: Steinunn I. Stefánsdóttir, M.Sc. í viðskiptasálfræði, M.Sc. í streitufærðum

Verð: 13.300 kr.

Garðrækt:

Haustlaukar

Í samstarfi Horticum menntafélag

Námskeiðinu er ætlað að gera hinum ólíku tegundum haustlauka skil svo sem ólíkra yrkishópa túlipana og páskalilja og eins verða ólíkar tegundir af krókusum og þeirra helstu yrkjum skoðuð. Ræktunarsaga helstu tegundanna verður rakin og farið verður í ólíkar kröfur þeirra til gróðursetningar, jarðvegs og birtuskilyrða. Námskeiðið er ætlað hinum almenna garðræktanda sem hefur áhuga á að auka þekkingu sína á haustlaukum.

Hvenær: Mán. 6. sept. kl. 19:15 - 22:15

Kennari: Hjörtur Þorbjörnsson, grasfræðingur

Verð: 8.500 kr.

Að nýta afrakstur sumarsins

Á námskeiðinu verður gripið niður í sögu lækninga- og nytjajurta. Einnig verður stiklað á ýmsum atriðum úr sögu vestrænnar matarhefðar og hugað að því sem vert er að halda í heiðri. Jafnframt verður farið í hagnýtar ráðleggingar varðandi nýtingu gjafir náttúrunnar svo sem hvaða jurtir má þurrka, sulta (gera chutney og kryddpesto), sýra, salta, frysta, leggja í olíur eða vínanda fyrir veturinn. Auk þess verður komið inn á hvað beri helst að varast, hvernig megi hafa sig í gegnum veturinn með grænum hristingi og spírur og hvað skuli gera á haustin til að undirbúa vorið.

Hvenær: Mán. 13. og mið. 15. sept. kl. 19:15 - 22:15

Kennari: Hildur Hákonardóttir

Verð: 13.900 kr.

Tungumál:

Þýska fyrir byrjendur I

Farið verður í helstu atriði þýskrar málfræði. Lögð verður jöfn áhersla á lestur, hlustun, ritun og talfærni. Námskeiðið hentar vel þeim sem vilja læra þýsku frá byrjun á skömmum tíma eða rifja upp og festa í sessi kunnáttu sem þeir þegar hafa, t.d. ef þeir vilja síðan fara í B.A.-nám í þýsku.

Hvenær: Mán. 31. ágúst - fim. 25. nóv. kl. 12:30 - 13:10 (kennt er á þessum tíma fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags).

Kennari: Annika Große, sendikennari í þýsku

Verð: 45.000 kr.

Ítalska fyrir byrjendur

Námskeiðið er ætlað byrjendum og hentar þeim sem hafa áhuga á að öðlast grunnfærni í ítölsku. Traustur grunnur er lagður í málfræði og réttritun en talað mál og virk þátttaka nemenda er í fyrirrúmi. Einfaldir og markvissir kennsluhættir skila þátttakendum góðri kunnáttu á stuttum tíma sem nýtist vel við daglegar athafnir og í ferðalögum. Ekki er krafist neinnar forkunnáttu.

Hvenær: Mán. og fim. 20. sept. - 14. okt. kl. 17:15 - 19:00 (8x)

Kennari: Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku við HÍ

Verð: 43.500 kr.

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Í samstarfi við Félag almennra lækna

Námskeiðið í hagnýtri norsku ætlað heilbrigðisstarfsfólki sem stefnir á framhaldsnám eða vinnu í Noregi. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á orðaforða heilbrigðisstétta. Tungumál og samskipti fyrir heilbrigðisstarfsmenn. Öll kennsla fer fram á norsku.

Hvenær: Mið. 22. sept. - 3. nóv. kl. 20:10 - 22:10 (7x)

Kennari: Tilkynnt síðar

Verð: 29.900 kr.

Kínverska fyrir byrjendur

Í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós

Kínverska er töluð af tæplega fimmtungi heimsins og þykir sífellt eftirsóknarverðari kunnátta með auknu vægi Kína í heiminum. Þótt vissulega megi finna fjölmargar kínverskar mállýskur er stöðluð kínverska (mandarín eða putonghua) alls staðar gjaldgeng í Kína og raunar víða annars staðar. Nemendur öðlast grundvallarþekkingu á málinu, færni í framburði og læra að tjá sig með einföldum hætti um hagnýt efni.

Hvenær: Mán. og fim. 27. sept. - 28. okt. kl. 20:15 - 22:15 (10x)

Kennari: Jón Egill Eypórsson, M.A. í kínverskum málvísindum frá Hangzhou háskóla

Verð: 32.900 kr.

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Í samstarfi við Félag almennra lækna

Námskeið í hagnýtri sænsku fyrir fólk í heilbrigðisstéttum sem vegna atvinnu sinnar og/eða fyrirhugaðs náms þurfa að nota sænsku í starfi og námi. Öll kennsla fer fram á sænsku. Áhersla lögð á tungumál og orðaforða heilbrigðisstétta.

Hvenær: Þri. 5. okt. - 16. nóv. kl. 20:10 - 22:10 (7x)

Kennari: Elísabet Brekkan, fil.kand.

Verð: 29.900 kr.

Spænska I

Viltu læra spænsku? Hefur þú áhuga á Suður-Ameríku eða Spáni? Viltu geta talað og skilið tungumálið? Þetta er námskeið sem vekur áhuga á tungumáli og menningu spænskumælandi landa. Námskeiðið er ætlað byrjendum í spænsku sem hafa engan grunn í tungumálinu. Farið verður í grunnatriði í uppbyggingu spænskunnar til að geta skilið og talað málið. Einnig verða helstu málfræðiatríði kynnt, farið yfir orðaforða, lesskilning ásamt ritun stuttra texta. Kennari er enskumælandi.

Hvenær: Þri. og fim. 5. okt. - 28. okt. 17:00 - 18:45 (8x)

Kennari: Pilar Concheiro Coello sem er með meistaraþráðu í kennslu spænsku sem annars tungumáls.

Verð: 43.500 kr.

Gjafabréf Endurmenntunar er tilvalin gjöf eða styrkur við hin ýmsu tækifæri

Danska – þjálfun í talmáli á léttum nótum

Námskeiðið hentar þeim sem þurfa að nota dönsku sem talmál í samskiptum vegna vinnu. Hentar einnig þeim sem dvalið hafa í Danmörku og vilja viðhalda kunnáttu sinni og öllum þeim sem vilja ná tökum á talmáli.

Hvenær: Mán. og mið. 25. okt. - 17. nóv. kl. 17:00 - 18:45 (8x)

Kennari: Casper Vilhelmssen, dönskukennari

Verð: 43.500 kr.

Enska – hagnýt talþjálfun

Ætlað þeim sem hafa haldgóða enskukunnáttu en vantar herslumuninn til að beita málinu á markvissari hátt í daglegum samskiptum, fundum eða fyrirlestrum m.t.t. öruggari málnotkunar, áheyrilegri framburðar og aukinnar fjölbreytni í orðaforða. Einnig verður farið í menningarmun í alþjóðasamskiptum. Þátttakendum er bent á leiðir til sjálfsnáms.

Hvenær: Mán. og mið. 25. okt. - 15. nóv. kl. 17:00 - 19:00 (7x)

Kennari: Hulda Kristín Jónsdóttir, MA og enskukennari við HÍ

Verð: 39.000 kr.

Ítalska II

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt námskeiðið “Ítalska fyrir byrjendur” eða hafa grunnþekkingu í ítalskri málfræði og tjáningu. Markmið námskeiðsins er að hjálpa nemendum að tjá sig í daglegum samskiptum

Hvenær: Þri. og fim. 26. okt. - 16. nóv. kl. 17:00 - 19:00 (7x)

Kennari: Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku við HÍ

Verð: 39.500 kr.

Spænska fyrir ferðapjónustuna

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem tengjast ferðapjónustunni á Íslandi en er einnig fyrir þá sem vilja auka við spænskukunnáttu sína sem tengjast ferðalögum. Æskilegt er að vera með grunnmálfræðikunnáttu í spænsku. Þátttakendur verða búnir undir það að takast á við raunverulegar vinnuaðstæður þar sem rætt er við spænskumælandi kúnna. Kennari er enskumælandi

Hvenær: Mán. og fim. 1. nóv. - 15. nóv. 17:00-19:00 (5x)

Kennari: Pilar Concheiro Coello sem er með meistaraþráðu í kennslu spænsku sem annars tungumáls.

Verð: 39.500 kr.

Kínverska II: framhaldsnámskeið

Í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós.

Námskeiðið er ætlað þeim sem þegar hafa tileinkað sér grunn í staðlaðri kínversku (mandarín eða putonghua) og fýsir að dýpka þekkingu sína. Á námskeiðinu er haldið áfram þaðan sem frá var horfið á byrjendanámskeiðinu og einkum einblínt á hagnýt hversdagsleg samskipti. Einnig verða fleiri táknn kynnt.

Hvenær: Tekið er við skráningum en dagsetning verður kynnt síðar.

Kennari: Jón Egill Eypórsson, M.A. í kínverskum málvísindum frá Hangzhou háskóla

Verð: 32.900 kr.

Starfsemi Endurmenntunar

Endurmenntun var stofnuð 1983 hefur ávallt verið leiðandi á sviði endur- og símenntunar og notið virðingar og trausts í samfélaginu. Þessum árangri má þakka öflugri nýsköpun og þróun, frábærum kennurum, samstarfsaðilum og starfsfólki í gegnum tíðina.

Endurmenntun er starfrækt fyrir þáttökugjöld og nýtur ekki fjárframlaga frá ríkinu.

Endurmenntun á Facebook

Við erum með síðu á Facebook þar sem hægt er að fylgjast með starfsemi, námskeiðsframboði og skemmtilegum upptökum.

Það borgar sig að vera vinur Endurmenntunar – af og til gefum við laus sæti á námskeið eða gjafabréf.

Vertu vinur okkar á www.facebook.com/endurmenntun.is

Fleiri áhugaverð námskeið á öðrum sviðum:

- Grunnþættir reksturs og fjármála
- Að telja rétt fram
- Val á rekstrarformi fyrir atvinnustarfsemi
- Vefhönnun fyrir hönnuði
- Starf vefstjórans og stjórnun vefverkefna
- Facebook sem markaðstæki
- Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
- Ég, verkefnastjórinn
- Stjórnun breytinga - hlutverk stjórnenda og þáttur starfsmanna
- Siðareglur, fagmennska og traust
- Google í skólastarfi
- Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
- Sjálfbærar ofanvatnslausnir
- Barnavernd: Vinnulag og samstarf
- Sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
- Hvernig getur jákvæð sálfræði aukið vellíðan og heilbrigði?
- Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla
- Samningagerð og „Samningahagfræði“ - Hvernig tryggjum við hagsmuni okkar með samningum?